



Nr. 13/2005
6. maí 2005

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok apríl 2005

Í meðfylgjandi töflu er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok apríl 2005 og til samanburðar í lok mars 2005 og í lok desember 2004.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 0,6 milljarða króna í apríl sl. í samræmi við áður kynnta áætlun hans um að viðhalda gjaldeyrisstöðu sinni. Gjaldyrisforði bankans jókst um 2 milljarða króna í mánuðinum og nam 61,5 milljörðum króna í lok mánaðarins sem jafngildir 974 milljónum Bandaríkjadala miðað við gengi í mánaðarlok. Þessi hækkun skýrist að mestu leyti af því að gengi íslensku krónunnar veiktist um 4,3% í apríl.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 4,5 milljarða króna í apríl og námu 17,3 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir hækkuðu um 0,4 milljarða króna og námu 7,1 milljarði króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 2,2 milljörðum króna í apríllok miðað við markaðsverð. Vegna aukaútdráttar Íbúðarlánasjóðs á húsbrefum hefur verðbréfaeign bankans lækkað um 1 milljarð króna frá áramótum.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir lækkuðu um 4,4 milljarða króna í mánuðinum og námu 14,6 milljörðum króna í apríllok, en skuldir við aðrar fjármálastofnanir breyttust lítið í mánuðinum.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana lækkuðu um 0,7 milljarða króna í mánuðinum og námu 22,5 milljörðum króna í lok apríl. Frá ársbyrjun hafa þær hækkað um 4,7 milljarða króna.

Grunnfé bankans lækkaði í apríl um 4,3 milljarða króna og nam 26 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 30. apríl 2005

	STADA	STADA	STADA	HREYFINGAR 2005	
	31.12.04	31.03.05	30.04.05	Á árinu	Í apríl
EIGNIR	106.590,3	88.292,6	86.175,3	-20.415,0	-2.117,4
Erlendar eignir	65.709,2	59.681,7	61.643,2	-4.066,0	1.961,5
a Gull	1.707,2	1.656,4	1.759,9	52,7	103,5
b Sérstök dráttarréttindi IMF	7,5	5,1	5,4	-2,2	0,3
c Gjaldeyrisstaða við IMF	1.765,3	1.699,9	1.782,5	17,2	82,5
d Erlendir bankar	23.171,2	16.799,6	16.513,2	-6.658,0	-286,4
e Erlend verðbréf og ríkisvæðingar	38.909,7	39.375,0	41.436,8	2.527,0	2.061,8
f Erlendar eignir utan forða	148,2	145,7	145,5	-2,7	-0,2
Innlánsstofnanir	31.771,3	21.767,4	17.285,4	-14.485,9	-4.482,0
a Endurhverfir samningar	31.771,3	21.767,4	17.285,4	-14.485,9	-4.482,0
Aðrar fjármálastofnanir	8.993,4	6.693,1	7.107,2	-1.886,2	414,1
a Markaðsskráð verðbréf	3.231,6	2.545,2	2.200,6	-1.031,0	-344,6
b Endurhverfir samningar	5.761,8	4.148,0	4.906,6	-855,2	758,7
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	32,3	33,0	0,0	-32,3	-33,0
a Markaðsskráð spariskírteini	32,3	33,0	0,0	-32,3	-33,0
Aðrar eignir	84,0	117,4	139,4	55,4	22,0
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	106.590,3	88.292,6	86.175,3	-20.415,0	-2.117,4
Erlendar skuldir til skamms tíma	142,3	275,8	284,5	142,2	8,7
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.560,7	1.501,0	1.575,9	15,2	74,9
Seðlar og mynt	11.632,3	11.375,9	11.473,8	-158,5	97,9
Innlánsstofnanir	26.925,8	18.935,3	14.569,8	-12.356,0	-4.365,5
a Innstæður	22.519,0	11.047,2	7.202,5	-15.316,5	-3.844,7
b Bundnar innstæður v/stórgreiðslukerfis	2,9	0,0	0,0	-2,9	0,0
c Innstæðubréf	4.403,8	7.888,1	7.367,3	2.963,5	-520,8
Aðrar fjármálastofnanir	13.680,8	111,4	89,7	-13.591,0	-21,7
a Innstæður	13.680,8	111,4	89,7	-13.591,0	-21,7
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	17.814,8	23.222,8	22.504,3	4.689,6	-718,5
a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	16.256,8	21.334,9	20.994,4	4.737,6	-340,5
b Ríkisstofnanir	519,4	705,2	466,3	-53,1	-238,9
c Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	1.038,6	1.182,8	1.043,7	5,1	-139,1
Aðrar skuldir	635,5	1.006,3	1.110,8	475,3	104,5
Áætluð afkoma ársins fyrir framlag til ríkissjóðs	.	-2.334,1	368,2	368,2	2.702,4
Gengishagnaður/-tap á árinu	-1.976,6	522,0	522,0	2.498,7
Áætlaður hagnaður/-tap af rekstri	-357,5	-153,8	-153,8	203,7
Stofnfé og annað eigið fé	34.198,2	34.198,2	34.198,2	-	-
Liðir til skýringar					
Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a - e)	65.561,0	59.536,0	61.497,7	-4.063,3	1.961,7
Gjaldeyrisstaða, nettó	65.418,7	59.260,2	61.213,2	-4.205,4	1.953,0
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	17.782,4	23.189,9	22.504,3	4.721,9	-685,5
Kröfur á aðra, brúttó	40.848,7	28.577,9	24.532,0	-16.316,7	-4.045,9
Grunnfé	38.558,1	30.311,2	26.043,6	-12.514,5	-4.267,6